



HRUNAMANNAHREPPUR

49. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2010 – 2014 4. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 3. APRÍL 2014

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2014, þann 3. apríl kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Vigdís Furuseð sem varamaður fyrir Unnsteinn Eggertsson, Esther Guðjónsdóttir, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Ársreikningur Hrunamannahrepps 2013: Fyrri umræða.
2. KPMG. Endurskoðunarskýrsla 2013.
3. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna: Niðurfelling fasteignagjalda.
4. Sýslumaðurinn á Selfossi. Umsögn vegna rekstur gistiheimili að Vesturbrún 3.
5. Sýslumaðurinn á Selfossi. Umsögn vegna veitingaleyfis vegna Gömlu laugarinnar ehf.
6. Félagsmiðstöðin Zero: Forstöðumaður.
7. Verksamningur. Jarðvegsskipti við íþróttahús.
8. Eyðibýli á Íslandi. Styrkbeiðni.
9. Samkór uppsveita Árnessýslu: Styrkbeiðni.
10. Kerlingarfjallavinir: Fulltrúar í stjórn.
11. Skoðanakönnun vegna sameiningu sveitarfélaga.
12. Frisbíggolfvöllur.
13. Næsti fundur sveitarstjórnar

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

14. Veitustjórn: 31. fundur nefndarinnar frá 31. mars s.l.
-liggur frammi á fundinum-
15. Skólanefnd: Fundargerð 24. fundar vegna Undralands frá 26. mars s.l.
16. Skólanefnd: Fundargerð 27. fundar vegna Flúðaskóla frá 26. mars s.l.
17. Skólanefnd: Fundargerð 11. fundar vegna æskulýðsmála frá 26. mars s.l.

Fundargerðir v. samstarfs Uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps.:

18. Fundargerð 69. fundar skipulags- og bygginganefndar frá 20. mars s.l, og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 20. febrúar til 20. mars
Mál nr. 3: Graftarleyfi vegna 2. áfanga íþróttahúss á Flúðum.
Mál nr. 6: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
Mál nr. 14: Flúðir. Deiliskipulag Flúða. Svæði milli Skeiða- og Hrunamannavegar og Högnastaðaáss.
Mál nr. 15: Flúðir. Deiliskipulag Flúða. Torfdalur og Vesturbrún.
19. Fundargerð 70. fundar skipulags- og bygginganefndar frá 27. mars s.l, og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 21. mars til 26. mars.
Mál nr. 13: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
Mál nr. 14: Dalbær 2. Ketilkot, stofun lóðar.
Mál nr. 18: Dalbær 1. Gripahús.
Mál nr. 22: Garðastígur á Flúðum. Deiliskipulagsbreyting á Garðastíg 8.
20. Skóla- og velferðarnefnd Árnesþings: Fundargerð 1. fundar frá 11. febrúar s.l.
21. Skóla- og velferðarnefnd Árnesþings: Fundargerð 2. fundar frá 18. mars s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 233. fundar stjórnar frá 27. febrúar s.l.
- b. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 155. stjórnarfundar frá 14. mars s.l.

Kynningarmál:

- c. Gullfoss, austurbakki. Bréf frá landeigendum.
- d. Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Íþróttasamstarf.

- e. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 813. fundar stjórnar frá 28. febrúar s.l.
- f. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 814. fundar stjórnar frá 21. mars s.l.
- g. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Úthlutun framlags úr Jöfnunarsjóði vegna sérþarfa fatlaða nemenda.
- h. SASS. Niðurstöður konnunar um gjaldtöku á ferðamannastöðum.
- i. Eignarhaldsfélag Suðurlands hf: Ársreikningur 2013.
- j. SASS: Ályktun stjórnar SASS um gjaldtöku á ferðamannastöðum.
- k. Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.: Graftarleyfi vegna íþróttahúss.

Skýrslur á skrifstofu:

- l. Lánasjóður Sveitarfélaga. Ársskýrsla 2013.

Gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

1. **Ársreikningur Hrunamannahrepps 2013: Fyrri umræða.**
Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi KPMG, mætti á fundinn undir þessum lið. Lagður var fram ársreikningur Hrunamannahrepps fyrir árið 2013 ásamt sundurliðunum til fyrri umræðu. Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi, kynnti helstu kennitölur ársreikningsins og svaraði fyrirspurnum. Afgreiðslu vísað til næsta fundar hreppsnefndar.
2. **KPMG. Endurskoðunarskýrsla 2013.**
Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi KPMG, fór yfir framlagða endurskoðunarskýrslu KPMG fyrir árið 2013.
3. **Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna: Niðurfelling fasteignagjalda.**
Oddviti kynnti bréf frá Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna þar sem óskað er eftir niðurfellingu á fasteignagjöldum fyrir árið 2014 vegna sumarþustaðar í Heiðarbyggð. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja starfssemi Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna sem nemur 50% af almennum fasteignaskatti af fasteigninni Heiðarbyggð C-3 fyrir árið 2014.
4. **Sýslumaðurinn á Selfossi. Umsögn vegna reksturs gistiheimilis að Vesturbrún 3.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni vegna reksturs gistiheimilis að Vesturbrún 3, Flúðum. Umsóknin byggir á því að sótt er um leyfi fyrir gistiheimili að Vesturbrún 3 en ekki heimagistingu.
Sveitarstjórn gerir athugasemd við að veitt verði leyfi fyrir gistihús í húsinu vegna ósamræmis við gildandi aðal-og deiliskipulag. Umrætt hús er á svæði sem í aðalskipulagi er skilgreint sem íbúðarsvæði og deiliskipulag svæðisins gerir ekki ráð fyrir að heimilt verði að nýta íbúðarhúsin undir aðra starfsemi.
Skv. skipulagsskilmálum er ekki gert ráð fyrir því að rekstur gistiheimila fari fram í íbúabyggð en ef umsækjandi hefði haft lögheimili í viðkomandi fasteign væri mögulegt að heimila heimagistingu í skipulagðri íbúabyggð. Þar sem um er að ræða umsókn til rekstur gistiheimilis telur sveitarstjórn því ekki fært að heimila rekstur gistiheimilis að Vesturbrún 3.
5. **Sýslumaðurinn á Selfossi. Umsögn vegna veitingaleyfis vegna Gömlu laugarinnar ehf.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni vegna leyfis nýs rekstraraðila til rekstrar veitingastaðar í flokki II í Gömlu lauginni í Garði. Sveitarstjórn samþykkir fyrirhugaðan afgreiðslutíma og staðfestir að staðsetning staðarins sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag kveða á um.
6. **Félagsmiðstöðin Zero: Forstöðumaður.**
Oddviti upplýsti fundarmenn um að forstöðumaður Zero gæfi ekki kost á sér sem umsjónarmaður félagsmiðstöðvarinnar Zero næsta vetur. Sveitarstjórn þakkar Þorbjörgu Helgu fyrir mjög góð störf í þágu félagsmiðstöðvarinnar Zero og felur sveitarstjóra að auglýsa eftir nýjum forstöðumanni í samráði við Skeiða- og Gnúpverjahrepp.
7. **Verksamningur. Jarðvegsskipti við íþróttahús.**
Oddviti kynnti þau tilboð sem komu í verkið jarðvegsskipti við íþróttahús í kjölfar verðkönnunar í verkið. Fjögur tilboð bárust. Frá Fögrusteinum ehf, kr. 9.826.450, Árna ehf, kr. 9.925.000, Flúðaverktökum ehf, kr. 10.057.600 og Gröfutækni ehf kr. 12.945.000. Gengið hefur verið frá samningi við Fögrusteina ehf.

8. **Eyðibýli á Íslandi. Styrkbeiðni.**
Oddviti kynnti beiðni um styrk frá áhugamannafélagi um skráningu eyðibýla. Sveitarstjórn hafnar erindinu.
9. **Samkór uppsveita Árnassýslu: Styrkbeiðni.**
Oddviti kynnti beiðni um styrk frá samkór uppsveita Árnassýslu vegna ferðar til Kanada í sumar. Sveitarstjórn hafnar erindinu.
10. **Kerlingarfjallavinir: Fulltrúar í stjórn.**
Sveitarstjórn samþykkir að Halldóra Hjörleifsdóttir verði fulltrúi Hrunamannahrepps í stjórn Kerlingarfjallavina.
11. **Skoðanakönnun vegna sameiningu sveitarfélaga.**
Oddviti kynnti skoðanakönnun sem bæjarstjórn Hveragerðisbæjar ætlar að leggja fram meðal bæjarbúa samhliða næstu sveitarstjórnarkosningum um afstöðu þeirra til sameiningar sveitarfélaga. Sveitarstjórn samþykkir að láta fara fram skoðanakönnun samhliða sveitarstjórnarkosningum í vor. Sveitarstjórn felur oddvita að forma endanlega spurningarnar í samráði við nágrannasveitarfélögin og leggja fram á næsta sveitarstjórnarfundum.
12. **Frisbíggölvöllur.**
Oddviti kynnti tilboð frá Frisbíggölvöllunni um uppsetningu á 9 holu frisbíggölvelli. Sveitarstjórn samþykkir að setja upp 9 holu frisbíggölvöl á Flúðum og felur sveitarstjóra að vinna að málinu. Kostnaður er áætlaður kr. 1.400.000 og skal þeim útgjöldum mætt með lækkun á rekstarhagnaði sveitarfélagsins skv. fjárhagsáætlun.
13. **Næsti fundur sveitarstjórnar**
Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði 8. maí nk. kl. 14.00 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

14. **Veitustjórn: 31. fundur nefndarinnar frá 31. mars s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 31. fundar frá 31. mars s.l.. Fjallað var um ársreikning vatnsveitu fyrir 2013, ársreikning fráveitu fyrir 2013, ársreikning Hitaveitu Flúða fyrir 2013, umsókn um nýtingarleyfi til Orkustofnunar fyrir Hitaveitu Flúða og önnur mál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
15. **Skólanefnd: Fundargerð 24. fundar vegna Undralands frá 26. mars s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 24. fundar nefndarinnar. Þar var farið yfir skýrslu leikskólastjóra, rekstur síðastliðins árs, jafnréttisáætlun, almenn kynning á skólastefnu og önnur mál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
16. **Skólanefnd: Fundargerð 27. fundar vegna Flúðaskóla frá 26. mars s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 27. fundar nefndarinnar. Þar var farið yfir skýrslu Skólastjóra og starfið framundan, samning um skólaakstur, farið yfir rekstur síðasta árs, almenn kynning á sameiginlegri skólastefnu, gjaldskrá vegna prófa sem ekki eru nemendur skólans og önnur mál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
17. **Skólanefnd: Fundargerð 11. fundar vegna æskulýðsmála frá 26. mars s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 11. fundar nefndarinnar. Þar var farið yfir skýrslu forstöðumanns, rekstur ársins 2013 og önnur mál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs Uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps.:

18. **Fundargerð 69. fundar skipulagsnefndar frá 21. mars s.l, og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. febrúar til 20. mars**
Oddviti kynnti fundargerð 69. fundar Skipulagsnefndar frá 30. janúar s.l. ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa. Afgreiðsla einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp er eftirfarandi:
Mál nr. 3: Graftarleyfi vegna 2. áfanga íþróttahúss á Flúðum.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar um að heimila að hafin verði jarðvinna vegna 2. áfanga íþróttahúss.
Mál nr. 6: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. febrúar til 20. mars.
Mál nr. 14: Flúðir. Deiliskipulag Flúða. Svæði milli Skeiða- og Hrunamannavegar og Högnastaðaáss.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir svæði milli Skeiða- og

Hrunamannavegar og Högnastaðaáss skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Nær skipulagið yfir Smiðjustíg, Ásastíg, Högnastíg, Sneiðina og Austurhof.

Mál nr. 15: Flúðir. Deiliskipulag Flúða. Torfdalur og Vesturbrún.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi um 16 ha svæðis milli Langholtsvegur og Litlu-Laxár skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Nær svæðið yfir íbúðarsvæði Vesturbrúnar, svæði hestamanna og lóðar Límtrésverksmiðjunnar.

19. Fundargerð 70. fundar skipulagsnefndar frá 27. mars s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. mars til 26. mars.

Oddviti kynnti fundargerð 70. fundar skipulagsnefndar frá 27. mars s.l. ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa. Afgreiðsla einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp er eftirfarandi:

Mál nr. 13: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. mars til 27. mars.

Mál nr. 14: Dalbær 2. Ketilkot, stofnun lóðar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að stofnuð verði 2.500 fm frístundahúsaloð úr landi Dalbæjar 2 lnr. 166737 með vísun í 48. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um að gerð verði grein fyrir aðkomu að lóðinni. Ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 18: Dalbær 1. Gripahús.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdi við afgreiðslu skipulagsnefndar um að heimila útgáfu byggingarleyfis fyrir gripahúsið með fyrirvara um lagfæringu gagna og að byggingarfulltrúa verði falið að svara innkominni athugasemd.

Mál nr. 22: Garðastígur á Flúðum. Deiliskipulagsbreyting á Garðastíg 8.

Skipulagsnefnd frestaði afgreiðslu á beiðni um breytingu á deiliskipulagi lóðar við Garðastíg 8 og var skipulagsfulltrúa falið að ræða við umsækjenda um framhald málsins. Nú liggja fyrir lagfærð gögn sem sýna afmörkun nýrrar 11.183 fm lóðar sem tekin verður úr lóðinni Garðastígur 8. Ný lóð mun fá heitið Garðastígur 8a. Auk afmörkun nýrrar lóðar er byggingarreitur stækkaður lítillega til suðurs. Að mati sveitarstjórnar er um að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi og samþykkir sveitarstjórn hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr 123/2010. Sveitarstjórn samþykkir að grenndarkynning falli niður.

20. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshvíls: Fundargerð 1. fundar frá 11. febrúar s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar. Þar var fjallað um trúnaðarmál, fastir fundartímar ákveðnir, kynnt var uppbygging og þjónusta nýrrar skólaþjónustu og starfsmenn hennar og farið yfir hlutverk og verklag nýrrar nefndar. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

21. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshvíls: Fundargerð 2. fundar frá 18. mars s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 2. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar. Þar var fjallað um trúnaðarmál, kynntar reglur um félagslega heimaþjónustu og ferðaþjónustu fólks með fötlun, samræmdar reglur um félagslega liðveiðslu lagðar fram og samþykktar, skýrsla um um stöðu fjögurra málaflokka skólaþjónustu- og velferðarnefndar lagðar fram og skýrsla Gerðar Óskarsdóttur ráðgjafa lögð fram. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina og staðfestir samræmdar reglur um félagslega liðveislu fyrir sitt leyti.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 233. fundar stjórnar frá 27. febrúar s.l.

Lagt fram til kynningar.

b. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 155. stjórnarfundar frá 14. mars s.l.

Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

c. Gullfoss, austurbakki. Bréf frá landeigendum.

Lagt fram til kynningar.

d. Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Íþróttasamstarf.

Lagt fram til kynningar.

- e. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 813. fundar stjórnar frá 28. febrúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- f. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 814. fundar stjórnar frá 21. mars s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- g. **Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Úthlutun framlags úr Jöfnunarsjóði vegna sérþarfa fatlaða nemenda.**
Lagt fram til kynningar.
- h. **SASS. Niðurstöður konnunar um gjaldtöku á ferðamannastöðum.**
Lagt fram til kynningar.
- i. **Eignarhaldsfélag Suðurlands hf: Ársreikningur 2013.**
Lagt fram til kynningar.
- j. **SASS: Ályktun stjórnar SASS um gjaldtöku á ferðamannastöðum.**
Lagt fram til kynningar.
- k. **Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.: Graftarleyfi vegna íþróttahúss.**
Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- a. **Vorfundur Héraðsnefndar Árnesinga 11. apríl nk.**
Lagt fram til kynningar.

Skýrslur á skrifstofu:

- l. **Lánasjóður Sveitarfélaga. Ársskýrsla 2013.**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundir slitið kl. 17:15.